

## Viðauki 4 við þjónustusamning um kennslu á framhaldsskólastigi milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og Keilis

### 1. gr.

Gildistími, sbr. gr. 9.1., í þjónustusamningi um kennslu á framhaldsskólastigi milli mennta- og menningarmálaráðuneytis kt. 460269-2969 og Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs, kt. 500507-0550, dags. 10.09.2014 framlengist til 31.12.2020.

### 2. gr.

Grein 2.2 í samningnum breytist með eftirfarandi hætti:

1. Frá 1. janúar 2020 til 30. júní 2020 er fjöldi ársnemenda í aðfaranámi að hámarki 200.
2. Frá 1. júlí 2020 er fjöldi ársnemenda í aðfaranámi að hámarki 220.
3. Frá 1. janúar 2020 er framlag ríkisins með hverjum nemanda í frumgreinanámi er kr. 753.500,-

### 3. gr.

Grein 2.3. sbr. viðauka 2 við samning Keilis frá 21.12.2018 breytist með eftirfarandi hætti:

1. Haustið 2020 bætist við annar árgangur í tölvuleikjagerð og skal fjöldi nemenda í þeim árgangi vera 25. Heildarfjöldi nemenda í tölvuleikjagerð er því 65.
2. Frá 1. janúar 2020 skal framlag per ársnema í tölvuleikjagerð vera kr. 1.394.936,-
3. Ef fjöldi nemenda í fullu námi í tölvuleikjagerð fer undir 55 mun ráðuneytið krefjast endurgreiðslu á kr. 1.394.936,- fyrir hvern nemanda sem upp á kann að vanta.

### 4. gr.

Grein 5.1. í samningnum breytist og verður eftirfarandi:

Framlag ríkisins til Keilis á seinni 6 mánuðum ársins 2020 er samtals kr. 177.306.896,- og skiptist með eftirfarandi hætti:

1. Vegna nemenda á námsbraut í einka- og styrktarþjálfun, kr. 29.425.326,-
2. Vegna nemenda í aðfaranámi, kr. 82.885.000,-
3. Vegna nemenda á tölvuleikjabraut, kr. 45.335.420,-
4. Hækkun á framlagi á braut í tölvuleikjagerð og aðfaranámi á vorönn 2020, kr. 19.661.150,-

Reykjavík, 2. júlí 2020

  
f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis

  
f.h. Keilis